



FIMMTUDAGUR 19. NÓVEMBER 2020

Tíska



COVID-19 setti strik í reikninginn við skipulagningu tiskusýningar Unglistar en svo fór að sýningin var haldin á netinu í formi myndbrota af verkum hönnuðanna, sem sett voru saman í myndband. ➔4

Allra
meina
bót!



Móeiður vill heldur eiga færri flikur en fleiri og þá af meiri gæðum. „Ég safnaði mér jafnvel fyrir vönduðum flikum sem entust lengi.“ FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

Tíska er mikil listgrein

Móeiður Svala Magnúsdóttir hefur alltaf haft brennandi áhuga á tisku og fylgist vel með nýjum straumum í þeim efnum. Fyrir á árinu fór hún á tiskuvíkuna í London og segir það hafa verið mikla upplifun að koma þangað. ➔2

Framhald af forsiðu ➔

Sigríður Inga
Sigurðardóttir
sigriduringa@frettabladid.is



Móeiður Svala hefur unnið sem flugfreyja dagana er hún með nokkur spennandi verkefni í farvatninu. Hún er mikil hestakona og kann vel við sig í hestagallanum en hefur líka gaman af því að klæða sig upp í kjól eða fallega dragt.

Hefur þú áhuga á tisku?

„Já, hef alltaf haft brennandi áhuga. Tíska snertir svo margt í okkar lífi. Ég hef haft gaman af tisku frá því að ég var barn. Ég held að áhuginn hafi kviknað eftir að ég datt inn á tiskusýningu og ég varð bara ástfangin. Það var bara svona einfalt.“

Fylgist þú vel með nýjum tiskustraumum og þá hverjum helst?

„Ég fylgist með stóru tiskusýningunum, sem eru haldnar tvisvar á ári í Milanó, París og London. Það er hægt að fylgjast með þeim á netinu. Fyrir mér er tíska listgrein. Ég fór á London Fashion Week sem var haldin 14. til 18. febrúar síðastliðinn, áður en kórónaveirufaraldurinn skall á. Það var mikil upplifun og margar tiskusýningar í gangi. Það var ótrúlega gaman að vera í London á þessum tíma. Það sem var hvað mest áberandi var að það var allt úr leðri, allt var loðið og flikurnar stórar. Það fer heldur betur ekki fram hjá okkur í hinu daglega lífi í dag.

Mér finnst líka alltaf jafnáhuga-vert að sjá það nýjasta frá Versace, Jacquemus, Ralph and Russo, Fendi og fleiri hönnuðum. Ég fylgist líka með tiskustraumum á Pinterest og Instagram en þar er margt magnað í gangi. Charlotte Emily Sanders og Alison Toby eru í miklu uppáhaldi hjá mér. Þær eru báðar mikið að vinna með beisik flikur og líka hágæðaflikur, en þær endast oft betur þegar upp er staðið.“

Hvernig er þinn fatastill og hefur hann breyst í gegnum árin?

„Já, hann hefur breyst heilmikið. Segja má að fatastillinn hafi þroskast, sem er fínt. Núna er ég oft í blazerjakka úr leðri, gallabuxum eða svörtu outfitti. Þetta þarf ekki að vera neitt flókið. Svo er alltaf hægt að toppa með skarti eða sólgleraugum. Ég vil heldur eiga færri flikur en fleiri og þá af meiri gæðum og hef einblint á það frá því ég var krakki. Ég safnaði mér jafnvel fyrir vönduðum flikum, sem entust vel og lengi. Ég fer líka vel með það sem ég á.“

Notar þú fylgihluti og skart?

„Já, ég myndi segja það. Ég er alltaf með sólgleraugu, sama hvaða mánuður ársins er. Ég á nokkur sólgleraugu, svona átta til tíu talsins. Ég er alltaf með tvenn til þrenn í hanskahólfinu á bilnum mínum, sem gott er að grípa í.“

Áttu þér uppáhaldsflik?

Já, ég á nokkrar. Þessa dagana held ég mikið upp á fjólubláa kjólinn minn, sem er úr nýju línunni frá Hildi Yeoman. Mér finnst mikilvægt að styðja við íslenska hönnun, ekki síst núna í COVID-faraldrinum.“

Hvaða litur er í uppáhaldi hjá þér?

„Mér finnst erfitt að velja á milli svarta og hvíta litarins, en ætli ég verði ekki að segja svartur. Sá litur virkar alltaf.“

Hvernig klæðir þú þig dagsdaglega?

„Það er mismunandi en oft verður blazerjakki fyrir valinu, stuttermabolur eða svartur langermabolur og jakkafatabuxur eða gallabuxur og Vagabond-hælar.“

En til spari?

„Þá finnst mér gaman að klæðast buxnaðragt, eða dragtarbuxum og skyrtu. Ég fer í kjól þegar tækifæri gefst til þess. En annars gerir falleg blússa klæðnaðinn alltaf spari-
legan.“

Hver eru bestu fatakaupin?

„Svarti loðpelsinn minn sem ég keypti í Berlin í fyrra.“

En verstu fatakaupin?

„Eitthvað sem ég er örugglega búin að gefa frá mér.“

Kjöll, pils, eða buxur? **Buxur.**

Blúnda eða leður? **Leður.**

Gull eða silfur? **Gull.**

Doppur eða köflótt? **Köflótt.**

Háir hælar eða flatbotna? **Það**

fer eftir tilefninu.

Þröngt eða vítt snið? **Þröngt.**

Gloss eða varalitur? **Varalitur.**

Silfur eða gull? **Gull.**



Móeiður er í leðurjakka og bol frá Zara, buxum úr H&M og Vagabond-skóm. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN



Móeiður á nokkur pör af sólgleraugum og notar þau allt árið um kring. Þessi fallegu sólgleraugu eru frá Gucci. „Ég er alltaf með sólgleraugu, sama hvaða mánuður ársins er,“ segir hún.




Louis Vuitton Viva Cite gm taska, sem er í miklu uppáhaldi hjá Móeiði. Hún fylgist vel með tiskunýjungum.

SÆBJÚGNAHYLKI FYRIR HEILSUNA



NÝJAR UMBÚÐIR



Arctic star sæbjúgnahylki innihalda yfir fimmtíu tegundir af næringarefnum, og eru þekkt fyrir:

- Hátt próteininnihald og lágt fituinnihald
- Að minnka verki í liðum og liðamótum
- Að byggja upp brjóska og draga úr tíðni liðskemmda
- Að bæta ónæmiskerfið
- Að auka blóðflæði
- Að koma í veg fyrir æðakölkun
- Að auka orku líkamans, stuðla að myndun húðpróteins og insúlíns

ÍSLENSK FRAMLEIÐSLA. Framleiðandi er Arctic Star ehf. Allar nánari upplýsingar fást á www.arcticstar.is

Arctic Star sæbjúgnahylki Varan fæst í flestum apótekum, heilsubúðum og hagkaupum.

info@arcticstar.is - www.arcticstar.is

Síðumúli 31 - 108 Reykjavík - S: 562-9018 / 898-5618

Jakkinn er frá Ralph Lauren og silkiskyrtan er úr Zara.



Fólk er kynningarblað sem býður auglýsendum að kynna vörur og þjónustu í formi viðtala og umfjallana. Í blaðinu er einnig hefðbundið ritstjórnarefni. Blaðið fylgir Fréttablaðinu daglega.

Útgefandi: Ábyrgðarmaður: Björn Viglundsson

Sölumenn: Arnar Magnússon, arnarm@frettabladid.is, s. 550 5652, Atli Bergmann, atli@frettabladid.is, s. 550 5657, Jón Ívar Vilhelmsson, jonivar@frettabladid.is, s. 550 5654, Jóhann Waage, johannwaage@frettabladid.is, s. 550 5656, Ruth Bergsdóttir, ruth@frettabladid.is, s. 694 4103.

Umsjónarmenn efnis: Elin Albertsdóttir, elin@frettabladid.is, s. 550 5761 | Hjördís Erna Þorgeirsdóttir | hjordiserna@frettabladid.is s. 550 5767 | Oddur Freyr Þorsteinsson, oddurfreyr@frettabladid.is s. 550 5768 | Sandra Guðrún Guðmundsdóttir, sandragudrun@frettabladid.is, s. 550 5762 | Þórdís Lilja Gunnarsdóttir, thordisg@frettabladid.is, s. 550 5768



hjá
Hrafnhildi

Engjateigi 5 // 581 2141 // hjahrafnhildi.is

Rafræn tiskusýning ólíkra hönnuða

COVID-19 setti strik í reikninginn við skipulagningu tiskusýningar Unglistar í ár, en svo fór að sýningin var haldin á netinu í formi myndbrota af verkum hönnuðanna, sem sett voru saman í myndband. Ekkert þema var í ár og hönnunin því virkilega fjölbreytt, flott og hugmyndarík.

Sandra Guðrún
Guðmundsdóttir
sandragudrun@frettabladid.is



Unglist, listahátíð ungs fólks, var haldin í 29. sinn dagana 7.-15. nóvember. Hátíðin hefur það að markmiði að hefja menningu ungs fólks til vegs og virðingar, segir á vefsíðu Hins húsins, sem heldur Unglist.

Árið í ár er, eins og ætti ekki að hafa farið fram hjá neinum, forðæmalaust. Vegna COVID hafa skipuleggjendurnir því þurft að leggja höfuðið í bleyti og aðlaga hátíðina þessum skýrnu tímum. Viðburðirnir fóru því að öllu leyti fram á netinu, sumir dagskrárliðir voru upptökur, aðrir samvinnuverkefni á milli skóla, unnin í fjarvinnu og enn aðrir beint streymi, eins og Leiktu betur, spunakeppni framhaldsskólanna.

Nemendur á Fataiðnbraut Tækniskólans og Fata- og textilbraut Fjölbrautaskólans í Breiðholti héldu hina árlegu tiskusýningu Unglistar rafrænt í ár, með myndbrotum af hönnun sinni, sem voru sett saman í eitt myndband. Á tiskusýningunni gafst upprennandi hönnuðum tækifæri til að koma sér á framfæri. Um það bil 20 nemendur sýndu hönnun sína í myndbandinu, sem hægt er að finna á Facebook-síðu Unglistar.

Kolbrún Sól Stefánsdóttir sá um skipulagningu sýningarinnar í ár, en hún er á lokaönn á fataiðnbraut Tækniskólans.

„Þetta er í fyrsta sinn sem ég er að skipuleggja tiskusýninguna, en ég tók þátt í fyrra sem hönnuður,“ segir Kolbrún.

„Áður en COVID kom var planið að hafa sýningarpall og alls konar styrktaraðila en við urðum að finna aðrar leiðir,“ útskýrir hún.

Hún segir að þátttakendurnir hafi haft alveg frjálsar hendur með hönnunina í ár, en undanfarin ár hefur oftast verið eitthvert þema.

„Í fyrra var þemað til dæmis tímaflakk og þá gastu valið hvort þú fóst í fortíðina eða framtíðina. En í ár var ekkert þema, út af COVID. Fötin voru mjög fjölbreytt og mér fannst alveg frábært að það var engin regla um hvað þú máttir nota og hvað þú áttir að gera. Það

voru mjög margir sem voru að endurnýta alls kyns dót, plast og alls kyns efni. En svo voru einhverjir sem keyptu nýtt efni, sem er líka fint.“

Kolbrún segir að hjá nemendum í Fjölbrautaskólanum í Breiðholti sé það hluti af lokaáfanga á Fata- og textilbraut að hanna og sýna fót á Unglist. Í myndbandinu má sjá marga ólíka, upprennandi hönnuði sýna verk sín.

Aðspurð hvort Kolbrún stefni á framhaldsnám í Fatahönnun eftir að önninni er lokið, segist hún ætla að taka smá hlé og sjá svo til.



Fötin sem Serena sýndi eru hluti af lokaverkefni hennar í textilhönnun.



Serena Kristin er nemandi á fata- og textilbraut Fjölbrautaskólans í Breiðholti. Hún hannaði þessa fallegur kjóla fyrir tiskusýninguna.



Þátttakendur sendu inn myndbrot af hönnun sinni sem voru síðan öll sett saman í tuttugu mínútna myndband.



Hér má sjá hönnun eftir Lisbetu Rósa, nemanda í Tækniskólanum.



Lisbet sýndi þessar þrjár fatasamsetningar í myndbandi tiskusýningar Unglistar, en hún er nemi á fataiðnbraut.

Kolbrún Sól skipulagði tiskusýninguna í ár, en hún er nemi á Fataiðnbraut Tækniskólans. MYNDIR/ADSENDAR



MICKEY THOMPSON
M/T
TIRES & WHEELS

Deegan 38 All Terrain

Heilsársdekk fyrir jeppa og jepplinga frá Mickey Thompson. Frábær ending.

265/70R16 verð 40.800 kr.

265/70R17 verð 37.500 kr.


265/65R18 verð 44.800 kr.

285/70R17 verð 49.900 kr.

285/65R18 verð 52.900 kr.

265/50R20 verð 39.900 kr.

Ice-track ehf 773-4334 mtdekk@mtdekk.is www.mtdekk.is



Skjaskot af myndbandinu sem er hægt að skoða á Facebook-síðu Unglistar.

BOBBI BROWN



BOBBI BROWN DAGAR Í
LYFJUM & HEILSU KRINGLUNNI

19. – 22. nóvember
20% afsláttur

Sérfræðingur frá Bobbi Brown verður í versluninni og veitir persónulega ráðgjöf.

www.lyfogheilsa.is

 **Lyf & heilsa**
Við hlustum!

Geimtískan þróast stöðugt

Í gegnum tíðina hafa ýmsar útgáfur af geimbúningum litið dagsins ljós og þeir hafa þróast í takt við þarfir geimfara og framfarir í tækni. Þeir allra nýjustu eru þó ekki síður mótaðir af tískunni.

Oddur Freyr

Þorsteinsson

oddurfreyr@frettabladid.is

Geimbúningar hafa breyst mikið frá því að þeir komu fyrst fram á sjónarsviðið á 7. áratug síðustu aldar og í hönnun þeirra allra nýjustu, sem koma frá einkafyrirtækinu SpaceX, er ekki

síður lögd áhersla á útlitið en nota-gildið. Elon Musk, eigandi SpaceX, hefur borið þá saman við jakkaföt og sagði að „allir líti betur út í smóking“. Framúrsteftnulegt útlit þeirra er svo sannarlega mjög ólíkt útliti fyrstu búninganna og myndi ekki síður sæma sér á kvikmynda-tjaldinu en í hávísindalegum geimferðum.



Graskersbúningurinn

Þessi skærappelsínuguli búningur var tekinn í notkun árið 1988 og var hannaður til að sjást betur í svörtum geimnum en eldri búningar. Búningurinn fór í gegnum ýmsar breytingar og hefur sést í nokkrum ólíkum útgáfum, en alltaf hefur liturinn haldið sér.



Sokol-búningurinn

Búningurinn var kynntur árið 1973 og er notaður enn í dag af rússneskum geimförum sem ferðast með Soyuz-geimskutlum, en þeir eru sérsníðnir á geimfarana. Búningarnir eru hannaðir til að passa í sætin í Soyuz-geimskutlum, og láta þá sem klæðast þeim líta út fyrir að vera að halla sér fram.



FRÉTTABLAÐIÐ/GETTY

AL-7-búningurinn

Þetta er búningurinn sem Neil Armstrong var í þegar hann varð fyrstur manna til að ganga á tunglinu í júlí árið 1969. Búningurinn var til í þremur gerðum og hann var hannaður til að verja geimfarana gegn þeim öfgakennda hita og kulda sem er á yfirborði tunglsins. NASA fékk aðstoð frá brjóstahaldara-framleiðanda til að auka sveigjanleika búningsins við liði og brynja sem Hinrik VIII. notaði var ein af fyrirmyndum búningsins. Þessi búningur var notaður til ársins 1973.



EMU-búningurinn

EMU stendur fyrir „Extravehicular Mobility Unit“, en þessi búningur sem var kynntur árið 1981 var hannaður fyrir geimgöngur sem gátu verið allt að átta klukkustunda langar. Fyrir þessar löngu göngur var búningurinn búinn því sem NASA kallar „Maximum Absorbency Garment“, klæði sem drekkur í sig mjög mikinn vökva, enda eru engar pissupásur í geimnum. Þessir búningar hafa verið á Alþjóðlegu geimstöðinni síðan árið 2000 og samkvæmt geimfaranum Doug Wheelock lykta þeir eins og búningsklefi.



SpaceX Dragon-búningurinn

Elon Musk segir að hann hafi unnið að hönnun þessa búnings í næstum fjögur ár og að hann þurfi ekki bara að virka vel, heldur líka líta vel út. Búningurinn er bæði nýtiskulegur og búinn nýjustu tækni og Musk fékk aðstoð frá búningahönnuðinum Jose Fernandez við hönnun hans, en Fernandez hefur unnið að ofurhetjumyndum eins og Batman v Superman: Dawn of Justice og The Fantastic Four. Fernandez segir að geimfararnir eigi að líta hetju-lega út í búningnum.



Vostok SK-1-búningurinn

Þetta er búningurinn sem Yuri Gagarin var í þegar hann fór fyrstur manna á sporbaug um jörðu í apríl árið 1961. Búningurinn var sérhannaður fyrir Gagarin og var í notkun til ársins 1963.



Merkúr-búningurinn

Geimfarinn John Glenn notaði þennan búning þegar hann fór fyrstur Bandaríkjamanna út í geim í febrúar árið 1962. Búningurinn var byggður á búningi sem var notaður af flugmönnum sem gerðu tilraunir með flug í mikilli hæð. Sá búningur var hannaður af sjóhernum árið 1959 en NASA gerði ýmsar breytingar.

**HÁTÍÐIRINAR
NALGAST
VELKOMIN
ALLT TILBÚIÐ
Í LAXDAL**

LAXDAL ER Í LEIÐINNI

Fylgið okkur á FB

**BERNHARD
LAXDAL**
SÍGILD KÁPUBÚÐ

Skipholti 29b • Sími 551.4422 • www.laxdal.is

Smáauglýsingar

550 5055

Afgreiðsla smáauglýsinga og sími er opinn alla virka daga frá 9-16
Netfang: smaar@frettabladid.is

Bílar & Farartæki





Nýir 2020 Mitsubishi Outlander bílar í mörgum litum á staðnum. Nú borgar sig að kaupa áður en þeir hækka um næstu áramót vegna tolla breytinga. Okkar verð er langt undir listaverði á 5.890.000,-

Sparibill ehf

Hátún 6A, 105 Reykjavík

Sími: 577 3344

www.sparibill.is

Ábendingahnappinn má finna á www.barnaheill.is





Þjónusta

Pípulagnir

PÍPULAGNINGARÞJÓNUSTA

Viðgerðir, viðhald og nýlagnir.

Uppýsingar í síma 868-2055

Garðyrkja



» Jarðvinna

» Drenlagnir

» Hellulagnir

» Þökulagnir

Þjónustum einstaklinga, fyrirtæki og húsfélög

519 7780

prostone@prostone.is

Málarar

REGNBOGALITIR EHF.

Alhliða málningarþjónusta. Getum bætt við okkur verkefnum innanhúss. Vönduð vinnubrögð og vanir menn. Sími 8919890 eða malarar@simnet.is

Búslóðaflutningar

Ert þú að flytja? Búslóðafl., fyrirtækjafl., pianófl. o.fl. Extra stór bill. Búslóðalyfta. Flutningaþj. Mikael S. S. 894 4560 www.flytja.is flytja@flytja.is

Húsaveiðhald

FLÍSALAGNIR - MÚRVERK - FLOTUN - SANDSPARSL - MÁLUN - TRÉVERK

Ásamt öllu almennu viðhaldi fasteigna.

Áratuga reynsla og þekking skilar fagmennsku og gæðum.

Timavinna eða tilboð.

Strúctor byggingaþjónusta ehf.

S. 893 6994

Nudd

NUDD NUDD NUDD

Slökunarnudd í miðbæ Reykjavíkur. Lausir tímar. Sími 694 7881, Janna.

NUDD - NUDD

Úrvals nudd alla daga í miðbæ Kópavogs. Sími 888 6618 og 788 6609 Elísabet.



» Smíðavinna

» Múrvinna

» Málningarvinna

Þjónustum einstaklinga, fyrirtæki og húsfélög

519 7780

prostone@prostone.is

Rafvirkjun

RAFLAGNIR, DYRASÍMAR. S. 663 0746.

Þjóðum hagstætt verð í töfluskipti. Straumblik ehf. Löggiltur Rafverktaki. straumblik@gmail.com

GEFÐU HÆNU

gjofsemgefur.is

907 2003



Fasteignir



Búseturéttir til sölu



Viðigerði 13

Til sölu er búseturéttur að Viðigerði 13, 240 Grindavík. Um er að ræða 2ja herbergja parhús með bílskúr og garðskála, 119,7 fm að stærð.


Ásett verð búseturéttarins er kr 7.500.000,- og mánaðarlegt búsetugjald miðað við 1.nóvember er kr.186.730.

Innifalið í mánaðarlegu búsetugjaldi er afborgun skulda-bréfa, fasteigna- og holræsagjöld, tryggingar, viðhaldssjóður og þjónustugjald.

Peir sem hafa áhuga á að skoða eignina og/eða gera tilboð í búseturéttinn, vinsamlegast hafið samband við skrifstofu Búmanna í síma 552-5644 eða í gegnum netfangið bumenn@bumenn.is Tilboðsfrestur er til og með 2.desember kl.12.00

FYRIR FAGELDHÚSIÐ

VERÐ SEM HAFNA EKKI SÉST ÁÐUR



www.bakoisberg.is

Sími: 595 6200

Opið laugardaga 12-16

BAKO ÍSBERG

ELDHÚS ALLRA LANDSMANNA

Höfðabakka 9, 110 Reykjavík

Kæliskápur 650 L

-2°C/+8°C

Stál innan og utan

R290

2/1 GN

3 Hillur fylgja

60mm einangrun

Digital stjórnborð

230V/50Hz

Verð: 139.000-

Frystiskápur 650 L

-18°C/-22°C

Stál innan og utan

R290

2/1 GN

3 Hillur fylgja

60mm einangrun

Digital stjórnborð

230V/50Hz

Verð: 149.000-

Öll verð eru án VSK.

Keypt
& Selt

Til sölu




15% AFSLÁTTUR Í NÓVEMBER

Gæða ungnautakjöt beint frá býli. Minnst 1/8 úr skrokk. Hakk, gúllas, snitsel og steikur. www.myranaut.is s. 868 7204



TILBOÐ - ÞARF AÐ LOSNA VIÐ SEM FYRST!

Fallegur sófi úr Tekk til sölu með höfuðpúðum og skammel, grár. St. 90X220 og skammel 70X85. Tilboð óskast S. 663 3313



Til sölu 12 volta leiðiskrossar með rafgeymi, einnig 24 volta og 32 volta vandaðir díóðuljósakrossar á leiði. JS Ljósasmiðjan ehf Skemmuvegur 34 (brún gata) 200 kóp. S. 554 0661, 897 4996 & 699 2502. Opið virka daga 8-17



Óskast keypt

STAÐGREIÐUM OG LÁNUM
ÚT Á: GULL, DEMANTA,
VÖNDUÐ ÚR OG MÁLVERKI!

Hringar, hálsmen, armbönd, Rolex, Cartier, Patek Philippe o.fl. Hringdu núna og fáðu tilboð þér að kostnaðarlausu!

www.kaupungull.is

Opið mán - fös 11-16,
Skipholt 27, 105

Upplýsingar í síma 782 8800

Til bygginga

HARÐVIÐUR TIL
HÚSABYGGINGA. SJÁ NÁNAR
Á: VIDUR.IS

Vatnasklæðning, panill, pallaefni, útihurðir, ofl. Gæði á góðu verði. Eurotec A4 harðviðarskrúfur. Penofin og Armstrong Clark harðviðarolia. Indus ehf, Öseyrarbraut 2 Hf, Uppl.hjá Magnúsi í sínum 660 0230 og 561 1122

Heilsa

Heilsuvörur



Húsnæði

Húsnæði í boði

109 langtímaleiga. 2-3 herb. íbúð. S. 8956160. 2-3 room apt. In 109 long term. Tel. 8956160

Mjög góð 2ja herbergja íbúð í fjölbýlishúsi til leigu í Hafnarfirði - langtímaleiga -laus 1. des Uppl. 8940040.

Geymsluhúsnæði

GEYMSLUR.IS

SÍMI 555-3464

Geymslur af öllum stærðum. Allt að 20% afsláttur. www.geymslur.is

WWW.GEYMSLAEITT.IS

Sérgeymslur á mjög góðum verðum. Frá 2-17 m2. S: 564-6500

Tilkynningar

Einkamál



Finndu félagskap fyrir framtíðina. 30 daga áskrift kostar aðeins 999 kr.

Fundir / Mannfagnaður

Aðalfundur
Náttúruverndarsamtaka
Íslands

Náttúruverndarsamtök
Íslands

Verður haldinn rafrænt
fimmtuginn 3. desember n.k. og
verður frá kl. 20:00 til 22:30

Hlekkur með fjarfundarstað verður sendur til félagsmanna.

Á dagskrá verða venjuleg aðalfundarstörf
Sjá www.natturuvernd.is

job
Finndu draumastarfið saman

Erum við
að leita að þér?



Til sölu

NERO-NAMMI

Nýtt íslenskt
hundanammi

- Glútenlaust
- 100% íslensk nautgripalifur
- Hentar vel fyrir ofnæmishunda
- Auðvelt að brjóta
- Þægilegar umbúðir

Fæst í öllum betri
gæludýraverslunum



Framleiðandi: Rósmarín ehf.
rosmarin@simnet.is
S: 897 4792



Þjónustuauglýsingar

Sími 550 5055

Langtíma NANO
yfirborðsmeðferð gegn covid

Drepur allar veirur
og bakeriur í allt að
7-10 daga

Við mætum
á staðinn
og berum
veiruvarnir á

Hægt að panta
heimsókn og
hreinsanir

Protak ehf

Hljóðvarnir • Veiruvarnir • Eldvarnir • Reykvarnir

692 7909

protak@protak.is • www.virusvarnir.is

PROTAK

Geymsluskúrar /gestahús til sölu



- Þrjár stærðir 7,5/9,5/14,9 fm.
- Veggjagrind út 45x95 timbri.
- Pappi og bærustál á þaki.
- Rofar og tenglar IP44 rakaheldnir.
- Skúrar sem þola veður og vinda.

Nánari upplis; reisum@simnet.is eða
s. 899 0913 Fríða, www.reisum.is

Ferðaðþjónustuhús



Vönduð hús sem henta
vel í ferðaðþjónustuna,
afhendast fullkláruð.

Nánari uppl. reisum@simnet.is
eða í síma 899 0913 Fríða
www.reisum.is

Varahlutir í VOLVO
Vinnutæki

Vertu vinur okkar á Facebook

Sími: 517-8240 - Súðarvogur 20 - www.eyjalind.is

LED leiðiskrossar



- Gengur fyrir rafhlöðum eða tengist rafmagni.
- Rafhlaða endist um það bil í einn mánuð.

Upplýsingar í s. 699 6869 og rafeindir.is

ÞJÓNUSTUAUGLÝSINGAR

ÞARF ÞÚ AÐ KOMA FYRIR TÆKINU ÞÍNU Á FRAMFÆRI?



HAÐU SAMBAND OG VIÐ
GERUM ÞÉR TILBOÐ

FRÉTTABLAÐIÐ

Sími 550 5055 | smaar@frettabladid.is

Alla fimmtudaga og laugardaga

arnarut@frettabladid.is